

Fiskey hf.
Ársreikningur
2006

Fiskey hf.
Hjalteyri
601 Akureyri

Kt. 690787-1139

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Eiginfjáryfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Sjóðstreymisyfirlit	8
		Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er eldi á fiski og skyld starfsemi einnig rannsóknar- og þróunarstarf í fiskeldi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Dótturfélagið Fiskey ehf. sem var að fullu í eigu félagsins var sameinað félaginu frá og með 1. janúar 2006. Ársreikningur félagsins hafði áður verið gerður upp sem samstæðureikningur. Sameiningin hafði ekki áhrif á framsetningu ársreikningsins. Nafni hins sameinaða félags var breytt frá og með 9. ágúst 2006 úr Fiskeldi Eyjafjarðar hf. í Fiskey hf.

Matfiskeldisstöð félagsins í Þorlákshöfn var lokað á árinu og öllum fiski í stöðinni slátrað.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins 71,4 millj. kr. á árinu 2006. Tekjur félagsins af sölu afurða námu 207,9 millj. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í árslok nam 136,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam í árslok 301,2 millj. kr., en félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 0,6 millj. kr. Hlutfé í árslok skiptist á 155 hluthafa, en þeir voru 157 í ársbyrjun og fækkaði því um 2 á árinu. Í árslok 2006 áttu þrír hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir voru Hafrannsóknastofnun sem átti 27,4%, Samherji hf. sem átti 19,4% og Brim hf. sem átti 18,5%.

Stjórn félagsins óskaði eftir því á árinu að félagið yrði afskráð af Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands. Kauphöll Íslands samþykkti framkomna beiðni um afskráningu og voru bréfin afskráð eftir lokun viðskipta föstudaginn 30. júní 2006.

Samkvæmt ákvæðum 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2007 vegna rekstrar ársins 2006. Vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fiskey hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2007

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fiskey hf.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fiskey hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Akureyri, 8. maí 2007

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Sölutekjur		207.887.440	120.415.955
Kostnaðarverð sölu		(193.130.583)	(236.927.828)
Vergur hagnaður (tap)		<u>14.756.857</u>	<u>(116.511.873)</u>
Aðrar tekjur	5	9.043.815	498.045
Útflutningskostnaður		(13.694.798)	(14.867.233)
Annar rekstrarkostnaður	8	<u>(29.723.329)</u>	<u>(40.697.167)</u>
Rekstrartap		<u>(19.617.455)</u>	<u>(171.578.228)</u>
Fjármunatekjur	9	1.703.524	413.044
Fjármagnsgjöld	9	<u>(53.455.055)</u>	<u>(4.627.394)</u>
Hrein fjármagnsgjöld		<u>(51.751.531)</u>	<u>(4.214.350)</u>
Áhrif hlutdeildarfélagas		<u>0</u>	<u>(33.339.022)</u>
Tap ársins		<u><u>(71.368.987)</u></u>	<u><u>(209.131.600)</u></u>
Tap á hlut:			
Grunntap á hverja krónu hlutafjár	17	(0,24)	(0,70)
Þynnt tap á hverja krónu hlutafjár	17	(0,23)	(0,69)

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	223.429.370	253.644.729
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	0	5.124.996
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	2.900.000	0
Aðrar fjárfestingar	12	300.000	14.950.517
Fastafjármunir		226.629.370	273.720.242
Birgðir	13	3.600.000	4.600.000
Lífrænar eignir	14	20.500.000	63.089.217
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	47.408.297	39.121.743
Hlutafjárloforð		0	15.000.000
Handbært fé		39.420.770	4.402.974
Veltufjármunir		110.929.067	126.213.934
Eignir samtals		337.558.437	399.934.176
Eigið fé:			
Hlutafé	16	300.563.728	300.563.728
Þýðingarmunur vegna erlends hlutdeildarfélags		0	(3.241.307)
Ójafnað eigið fé		(163.759.705)	(92.390.718)
Eigið fé		136.804.023	204.931.703
Skuldir:			
Vaxtaberandi lán	18	176.913.260	157.327.994
Langtímaskuldir		176.913.260	157.327.994
Vaxtaberandi lán	19	11.794.217	1.802.278
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	12.046.936	35.872.201
Skammtímaskuldir		23.841.153	37.674.479
Skuldir samtals		200.754.413	195.002.473
Eigið fé og skuldir samtals		337.558.437	399.934.176

Eiginfjáryfirlit 2006

Árið 2005	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005	844.967.537	0	(4.808.806)	(559.210.102)	280.948.629
Þýðingarmunur			1.567.499		1.567.499
Tap ársins				(209.131.600)	(209.131.600)
Heildartap ársins			1.567.499	(209.131.600)	(207.564.101)
Keypt eigin bréf	(148.962)	96.137			(52.825)
Niðurfærsla hlutfjár	(675.854.847)			675.854.847	0
Útgefið nýtt hlutfé	131.600.000				131.600.000
Yfirverðsreikningur millifærður		(96.137)		96.137	0
Eigið fé 31.12.2005	300.563.728	0	(3.241.307)	(92.390.718)	204.931.703
Árið 2006					
Eigið fé 1.1.2006	300.563.728	0	(3.241.307)	(92.390.718)	204.931.703
Tap ársins				(71.368.987)	(71.368.987)
Þýðingarmunur færður út			3.241.307		3.241.307
Eigið fé samtals 31.12.2006	300.563.728	0	0	(163.759.705)	136.804.023

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstartap ársins		(19.617.455)	(171.578.228)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	30.617.278	30.690.738
EBITDA.....		10.999.823	(140.887.490)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum.....		23.955.806	7.296.282
Söluþap eigna		672.750	180.906
Innheimtar fjármunatekjur.....		1.703.524	413.044
Greidd fjármagnsgjöld.....		(8.243.695)	(9.796.298)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		29.088.207	(142.793.556)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(3.472.669)	(14.442.336)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		2.398.000	450.000
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum	11	(5.910.500)	0
Lífrænar birgðir, lækkun	14	0	47.350.305
Aðrar fjárfestingar, lækkun (hækkun)		12.195.443	(9.950.516)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)		(12.478.407)	(756.248)
Fjárfestingarhreyfingar		(7.268.133)	22.651.205
Fjármögnunarhreyfingar:			
Innborgað hlutafé		15.000.000	116.600.000
Keypt eigin hlutabréf		0	(52.825)
Tekin ný langtímalán		0	9.406.186
Skammtímalán, lækkun		(1.802.278)	(4.279.215)
Fjármögnunarhreyfingar		13.197.722	121.674.146
Hækkun á handbæru fé		35.017.796	1.531.795
Handbært fé í ársbyrjun		4.402.974	2.871.179
Handbært fé í árslok		39.420.770	4.402.974

Skýringar

1. Félagið

Fiskey hf. ("Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru á Hjalteyri í Arnarneshreppi.

Tilgangur félagsins er eldi á fiski og skyld starfsemi einnig rannsóknar- og þróunarstarf í fiskeldi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 8. maí 2007.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að lífrænar eignir og eignarhlutar til sölu eru færðar á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn félagsins er birtur í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og myndar grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í starfsrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar í starfsrækslugjaldmiðil miðað við gengi í lok árs. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í starfsrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning.

Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags.

Skýringar, frh.:

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu fyrirtækisins

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta ávinninginn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Vélar, tæki og áhöld	3-9 ár
Bifreiðar og farartæki	7 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi.

c. Aðrar fjárfestingar

Langtímakröfur, flokkaðar sem fjáreignir til gjalddaga, eru færðar til eignar með því að afvaxta framtíðarsjóðstreymi með markaðsvöxtum.

d. Eignarhlutir í öðrum félögum

Fjárfestingar félagsins í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á eigið fé. Þó er virðisrýnunartap vegna fjáreigna til sölu fært í rekstrarreikning. Við sölu eða afskráningu eru allar gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið beint á eigið fé, færðar í rekstrarreikning.

e. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

f. Lífrænar eignir

Lífrænar eignir eru færðar á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Hið metna gangvirði er byggt á markaðsverðum eldisfisks, reiknuðum vaxtarstuðli og dánartíðni að teknu tilliti til áætlaðs slátur-, umbúða- og sölukostnaðar. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikninginn á kostnaðarverð seldra vara. Eldisfiskur og seiði, sem ekki er áætlað að selja innan tólf mánaða, eru færð undir liðinn lífrænar eignir meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi en eldisfiskur og seiði, sem áætlað er að selja á næstu tólf mánuðum, eru færð meðal veltufjármuna. Áhætta í mati á lífmassa er eðlislæg í fiskeldi.

g. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýmun.

Næsta árs afborganir af langtímakröfum eru færðar með kröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar innstæður og annað ígildi handbærs fjár.

i. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Bókfært verð fjáreigna sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort um virðisrýrnun sé að ræða. Endurheimtanleg fjárhæð eignanna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflega virkum vöxtum og ef bókfært verð er lægra er virðisrýrnun færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á óefnislegum eignum sem eru taldar hafa ótilgreindan líftíma.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

j. Hlutfé

Kostnaður sem tengist beint útgáfu á hlutfé er færður til lækkunar á eigin fé.

(i) Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir, sem flokkaðir eru sem eigið fé, eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færð til lækkunar á heildar eigin fé.

(ii) Arður

Arður til hluthafa er færður til lækkunar á eigin fé þegar aðalfundur hefur samþykkt greiðslu hans.

k. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félaginu ber lagaleg skylda eða ætluð skylda vegna fyrri atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á því við að gera upp skuldbindinguna.

l. Vaxtaberandi lántökur

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

m. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

n. Hlunnindi starfsmanna

Kaupréttaráætlun, sem gerð var á árinu 2003, heimilar starfsmönnum félagsins að kaupa hlutabréf í félaginu. Engar færslur hafa verið gerðar í ársreikning félagsins þar sem félagið hafði ekki birt gangvirði kaupréttarsamninganna fyrir upptöku IFRS 2, Eignarhlutatengd greiðsla, í samræmi við IFRS 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Heildarkaupréttur starfsmanna félagsins nemur 4,1 millj. kr. að nafnverði til ársins 2009. Kaupréttur vegna hlutabréfanna ávinnst hlutfallslega á árunum 2004 til 2009. Hlutfé félagsins verður aukið þegar starfsmenn nýta rétt sinn. Enginn starfsmaður hefur nýtt kauprétt sinn.

o. Tekjur

Tekjur af sölu á afurðum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verði skilað.

p. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð sölu samanstendur af kostnaði við fiskeldi, þar með töldum launakostnaði og afskriftum.

(ii) Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavini, skrifstofu- og stjórnarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði.

q. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samstanda af, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingu á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af afleiðusamningum sem eru færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagerna eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

r. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

3.r. Frh.:

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreiknings aðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélagi svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og að jafnframt sé talið líklegt að hann snúist ekki við í fjárfestingu í framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innláusn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Vegna óvissu um nýtingu tekjuskattseignar á móti framtíðarhagnaði er hún ekki færð í ársreikninginn.

s. *Tap á hlut*

Í ársreikningnum er sýnt grunntap á hlut og þynnt tap á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunntap á hlut er miðað við hlutfall taps, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hvert tapið er á hverja krónu hlutafjár.

t. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir*

Eftirfarandi staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi í árslok 2006 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings.

- IFRS 7 *Fjármálagerningar*: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Eiginfjárskýringar: Krafist er ítarlegra upplýsinga um mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagsstöðu og afkomu félags og efnislegra og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 gilda um ársreikning félagsins 2007, en í þeim er krafist ítarlegrar skýringa um fjármálagerninga og hlutafé.
- IFRS 8 *Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landfræðileg svæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 7 *Beiting endurmatsaðferðar* samkvæmt IAS 29 um Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 8 *Gildissvið IFRS 2 Eignarhlutatengdar greiðslur* tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 9 *Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC 9 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 10 *Árshlutareikningar og virðisýrnum* bannar bakfærslu virðisýrnunar viðskiptavildar fjárfestinga í eiginfjárgerningum eða fjáreigna sem færð er við kostnaðarverði sem er færð í árshlutareikningi. IFRIC 10 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 11 *IFRS 2 - Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf* segir til um hvernig skuli færa tiltekna tegundir af samningum um hlutabréfatengdar greiðslur í reikningsskilum félags og dótturfélaga þess. IFRIC 11 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. mars 2007 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 12 - *Þjónustusamningar einkafyrirtækja* við hið opinbera gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

Skýringar, frh.:

4. Ákvörðun gangvirðis

Ákveðnar reikningsskilaaðferðir og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í viðeigandi skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) *Birgðir*

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í eðlilegum viðskiptum að frátöldum sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

(ii) *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörstegi.

5. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2006	2005
Styrkir	1.810.950	0
Útseld ráðgjafarþjónusta	6.860.500	0
Aðrar tekjur	372.365	498.045
	<u>9.043.815</u>	<u>498.045</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	58.803.059	71.220.858
Launatengd gjöld	10.026.617	12.724.034
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>68.829.676</u>	<u>83.944.892</u>
Starfsmannafjöldi að meðaltali	10	12
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	9	11

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð sölu	56.710.497	72.370.587
Annar rekstrarkostnaður	12.119.179	11.574.305
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>68.829.676</u>	<u>83.944.892</u>

7. Þóknanir til endurskoðanda

Þóknanir til endurskoðanda greinist þannig:

Endurskoðun ársreiknings	948.475	749.625
Könnun árschlutareikninga	250.550	656.225
Önnur þjónusta	523.951	1.303.885
Samtals	<u>1.722.976</u>	<u>2.709.735</u>

Skýringar, frh.:

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2006	2005
Stjórnunarkostnaður	22.040.742	25.932.725
Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna	6.923.889	14.293.655
Sölutap fastafjármuna	672.750	154.906
Annar rekstrarkostnaður	85.948	315.881
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>29.723.329</u>	<u>40.697.167</u>

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur	1.703.524	413.044
Vaxtagjöld	(11.845.115)	(10.274.016)
Gengismunur og verðbætur	(25.533.137)	5.646.622
Niðurfærsla eignarhluta og láns	(16.076.804)	0
Fjármagnsgjöld	(53.455.055)	(4.627.394)
Hrein fjármagnsgjöld	(51.751.531)	(4.214.350)

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, tæki og áhöld	Bifreiðar og farartæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2005	167.285.297	295.900.434	13.002.454	476.188.185
Afskrifað samtals 1.1.2005	(50.677.240)	(144.045.149)	(10.941.759)	(205.664.148)
Bókfært verð 1.1.2005	<u>116.608.057</u>	<u>151.855.285</u>	<u>2.060.695</u>	<u>270.524.037</u>
Viðbót á árinu	0	14.442.336	0	14.442.336
Selt og fært út á árinu	0	(630.906)	0	(630.906)
Afskrifað á árinu	(4.516.706)	(25.613.438)	(560.594)	(30.690.738)
Bókfært verð 31.12.2005	<u>112.091.351</u>	<u>140.053.277</u>	<u>1.500.101</u>	<u>253.644.729</u>
Heildarverð 1.1.2006	167.285.297	261.672.120	12.152.698	441.110.115
Afskrifað samtals 1.1.2006	(55.193.946)	(121.618.843)	(10.652.597)	(187.465.386)
Bókfært verð 1.1.2006	<u>112.091.351</u>	<u>140.053.277</u>	<u>1.500.101</u>	<u>253.644.729</u>
Viðbót á árinu	0	3.472.669	0	3.472.669
Selt og fært út á árinu	0	(3.070.750)	0	(3.070.750)
Afskrifað á árinu	(4.516.703)	(25.466.179)	(634.396)	(30.617.278)
Bókfært verð 31.12.2006	<u>107.574.648</u>	<u>114.989.017</u>	<u>865.705</u>	<u>223.429.370</u>

Afskriftir skiptast þannig eftir rekstrarliðum:	2006	2005
Kostnaðarverð sölu	30.617.278	30.690.738
Sameiginlegur kostnaður	0	0
Afskriftir samtals	<u>30.617.278</u>	<u>30.690.738</u>

Afskriftir eru færðar í rekstrarreikning á kostnaðarverð sölu.

Skýringar, frh.:

10. Frh.:

Vátryggingarverð

Brunabótamat fasteigna í árslok 2006 var 324,0 millj. kr. Fasteignamat mannvirkja var á sama tíma 88,1 millj. kr. og fasteignamat leigulóða 5,5 millj. kr. Lausafé er brunatryggt fyrir 266,0 millj. kr. í árslok 2006. Félagið hefur tryggt eldis- og klakfisk félagsins, þar á meðal vegna sjúkdóma.

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Á eignir félagsins er þinglýst tryggingarbréfum vegna langtímaskulda þess að fjárhæð 121,1 millj. kr. í árslok 2006. Auk þess hvílir allsherjarveð á birgðum félagsins að fjárhæð 180,0 millj. kr.

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Félagið á 5% eignarhlut í árslok í Scotian Halibut Ltd. í Kanada, Scotian Halibut Ltd. er ekki lengur hlutdeildarfélag félagsins. Á árinu fór fram fjárhagsleg endurskipulagning á Scotian Halibut Ltd. en við það minnkaði eignarhlutur félagsins í 5%. Eignarhluturinn er færður á áætluðu gangvirði og var færður niður um 4,7 millj. kr. á árinu, bókfært verð eignarhlutans nam 0,3 millj. kr. í árslok 2006. Jafnframt er þýðingarmunur 3,2 millj. kr. vegna Scotian Halibut Ltd., sem færður var sem eiginfjárliður gjaldfærður á árinu, þannig að heildargjaldfærsla ársins vegna eignahlutarins nam 7,9 millj. kr.

Félagið á 9,84% eignarhlut í IceCod á Íslandi ehf. á árslok. Fjárfest var í eignarhlutum í IceCod á Íslandi ehf. fyrir 5,9 millj. kr. Eignarhluturinn er færður á áætluðu gangvirði og var færður niður um 3,4 millj. kr. á árinu, bókfært verð eignarhlutans nam 2,6 millj. kr. í árslok 2006.

12. Aðrar fjárfestingar

Félagið hefur lánað Scotian Halibut Ltd. í Kanada CAD 1.988.829 eða 122,7 millj. kr. Félagið hefur skuldbundið sig til að innheimta ekki kröfuna þar til Scotian Halibut Ltd. hefur greitt skuldir sínar að fullu við MRC Holdings Limited. Vegna erfðrar stöðu félagsins Scotian Halibut Ltd. er krafan færð niður um 4,7 millj. kr. í ársreikningi og er niðurfærslan færð undir liðinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í rekstrarreikningi. Niðurfærsla kröfunnar nemur nú samtals 122,4 millj. kr.

13. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í árslok 2006 námu 3,6 millj. kr. en þær námu 4,6 millj. kr. í árslok 2005.

14. Lífrænar eignir

Lífrænar eignir í árslok greinast þannig:

Eldisfiskur	0	27.507.737
Seiði	20.500.000	35.581.480
Lífrænar eignir á meðal veltufjármuna	20.500.000	63.089.217

Skýringar, frh.:

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:	2006	2005
Nafnverð viðskiptakrafna	40.071.276	48.694.288
North Salmon	12.927.170	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast	(9.033.038)	(14.293.655)
Fyrirframgreiðslur	290.135	109.019
Aðrar skammtímakröfur	3.152.754	4.612.091
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>47.408.297</u>	<u>39.121.743</u>

Félagið hefur gert samstarfsamning við félagið North Salmon um eldi á matfiski í kvíum við Færeyjar. Samningurinn tryggir að félagið fái greitt að lágmarki NOK 1.200.000 við slátrun en áætlað er að fisknum verði slátrað á árinu 2007. Lágmarksgreiðslan er eignfærð á gengi uppgjörsdags að teknu tilliti til afvöxtunar framtíðarsjóðstreymis með markaðsvöxtum.

Virðisrýrnun viðskiptakrafna greinist þannig:

Afskriftareikningur í ársbyrjun	14.293.655	0
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(12.184.506)	0
Gjaldfærð virðisrýrnun á árinu	6.923.889	14.293.655
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>9.033.038</u>	<u>14.293.655</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrir ára.

16. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok 301,2 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 0,6 millj. kr. sem færð eru til lækunar á eigin fé. Virkir hlutir í lok ársins eru alls 300,6 millj. kr. og eru allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

17. Tap á hlut

Tap á hlut er miðað við tap, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hvert tap er á hverja krónu hlutafjár. Við útreikning á þynntu tapi á hlut, er tekið tillit til útistandandi kaupréttta þegar útistandandi hlutir eru reiknaðir.

	2006	2005
Tap ársins til hluthafa í félaginu	(71.368.987)	(209.131.600)
Hlutafé í ársbyrjun	300.563.728	844.967.537
Niðurfærsla hlutafjár	0	(675.854.847)
Útgefið nýtt hlutafé	0	131.600.000
Áhrif keyptra og seldra eigin bréfa	0	(74.481)
Vegið meðaltal útistandandi hluta	300.563.728	300.638.209
Kaupréttir til starfsmanna	4.094.258	4.649.814
Vegið meðaltal útistandandi hluta og kaupréttta til starfsmanna	304.657.986	305.288.023
Tap á hverja krónu hlutafjár	(0,24)	(0,70)
Þynnt tap á hverja krónu hlutafjár	(0,23)	(0,69)

Skýringar, frh.:

18. Vaxtaberandi lán

Vaxtaberandi langtímalán í árslok greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Virkir vextir 2006	Virkir vextir 2005	Bókfært verð 2006	Bókfært verð 2005
Skuldir í CAD	6,0%	5,6%	54.274.336	47.611.368
Skuldir í EUR	4,9%	4,6%	45.188.202	35.680.913
Skuldir í USD	7,1%	6,6%	36.318.280	31.919.733
Skuldir í JPY	2,2%	2,2%	7.055.529	6.276.755
Skuldir í NOK	4,9%	4,7%	9.680.036	7.896.894
Skuldir í GBP	6,7%	6,7%	36.191.094	27.942.331
			<u>188.707.477</u>	<u>157.327.994</u>
Næsta árs afborganir			(11.794.217)	0
Vaxtaberandi langtímalán samkvæmt efnahagsreikningi samtals			<u>176.913.260</u>	<u>157.327.994</u>

Afborganir af vaxtaberandi langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2007	11.794.217	9.833.000
Afborganir 2008	23.588.435	19.665.999
Afborganir 2009	23.588.435	19.665.999
Afborganir 2010	129.736.390	108.162.996
	<u>188.707.477</u>	<u>157.327.994</u>

19. Vaxtaberandi skammtímaskuldir

Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda greinast þannig:

Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímaskulda	11.794.217	0
Yfirdráttarlán	0	1.802.278
Vaxtaberandi skammtímalán samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>11.794.217</u>	<u>1.802.278</u>

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	8.903.778	25.955.459
Aðrar skammtímaskuldir	3.143.158	9.916.742
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>12.046.936</u>	<u>35.872.201</u>

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við stjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda vegna starfa fyrir félagið og eignarhlutar þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Eignarhluti
Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri	8.934.692	0
Kristján Ragnarsson, stjórnarformaður	600.000	0
Þorsteinn Vilhelmsson, stjórnarmaður	300.000	0
Gunnar Karl Guðmundsson, stjórnarmaður	300.000	0
Jón Kjartan Jónsson, stjórnarmaður	300.000	0
Óttar Már Ingvason, stjórnarmaður	300.000	0
Jón Hallur Pétursson, vara stjórnarformaður	120.000	119.388
Jóhannes Kristjánsson, vara stjórnarmaður	115.000	277.651
Samtals	<u>10.969.692</u>	<u>397.039</u>

Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutar maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendur ráða.

Kaupréttarsamningar framkvæmdastjóra félagsins sem miðast við gengið 1,00 til 1,08 voru gerðir á árinum 2003 og 2004 og eru innleysanlegir á árunum 2004 til 2009. Framkvæmdastjóri félagsins hefur ekki enn nýtt sér kauprétt samkvæmt þessum kaupréttarsamningum. Heildarfjöldi hluta sem framkvæmdastjóri hefur kauprétt að nemur 1.155.555 og kaupverð þeirra nemur 1,2 millj. kr.

22. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2006 sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 499,0 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Reiknuð skattinneign vegna þessa nemur 89,8 millj. kr. en vegna óvissu um nýtingu hennar er hún ekki færð í ársreikninginn. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársins 2013	95.421.768
Tap ársins 2004, nýtanlegt til ársins 2014	123.862.884
Tap ársins 2005, nýtanlegt til ársins 2015	191.206.202
Tap ársins 2006, nýtanlegt til ársins 2016	<u>88.530.572</u>
	<u>499.021.426</u>

23. Áhættustýring

Áhætta vegna viðskiptakrafna

Stjórnendur fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti. Stjórnendur meta innheimtanleika krafanna og kröfur eru færðar niður ef líklegt er talið að þær muni ekki innheimtast.

Skýringar, frh.:

24. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:	2006	2005
Veltufjárhlutfall	4,65	3,35
Lausafjárhlutfall	3,64	1,55
Arðsemi eigin fjár	(23,7%)	(62,1%)
Tap á hverja krónu hlutfjár	(0,24)	(0,70)
Þynnt tap á hverja krónu hlutfjár	(0,23)	(0,69)
Eiginfjárhlutfall	0,41	0,51
Innra virði hlutfjár	0,46	0,68
EBITDA	10.999.823	(140.887.490)

25. Önnur mál

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu hjá tryggingarfélagi sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að tólf mánuði af völdum bruna. Tryggingarfjárhæðin nemur um 103,4 millj. kr.

Óendurskoðuð yfirlit

Árshelmingayfirlit

Rekstur félagsins greinist þannig á árshelminga:

	Fyrri árs- helmingur	Seinni árs- helmingur	Samtals
Árið 2006			
Sölutekjur	113.778.500	94.108.940	207.887.440
Kostnaðarverð sölu	(97.007.119)	(96.123.464)	(193.130.583)
Vergur hagnaður	16.771.381	(2.014.524)	14.756.857
Aðrar tekjur	3.308.392	5.735.423	9.043.815
Útflutningskostnaður	(8.560.017)	(5.134.781)	(13.694.798)
Sameiginlegur kostnaður	(13.895.426)	(15.827.903)	(29.723.329)
Rekstrartap	(2.375.670)	(17.241.785)	(19.617.455)
Fjármunatekjur	249.697	1.453.827	1.703.524
Fjármagnsgjöld	(45.520.987)	(7.934.068)	(53.455.055)
Hrein fjármagnsgjöld	(45.271.290)	(6.480.241)	(51.751.531)
Tap	(47.646.960)	(23.722.027)	(71.368.987)
EBITDA	12.865.107	(1.865.284)	10.999.823
Árið 2005			
Sölutekjur	60.755.959	59.659.996	120.415.955
Kostnaðarverð sölu	(137.006.227)	(99.921.601)	(236.927.828)
Vergt tap	(76.250.268)	(40.261.605)	(116.511.873)
Aðrar tekjur	56.232	441.813	498.045
Útflutningskostnaður	(5.684.858)	(9.182.375)	(14.867.233)
Sameiginlegur kostnaður	(15.897.070)	(24.800.097)	(40.697.167)
Rekstrartap	(97.775.964)	(73.802.264)	(171.578.228)
Fjármunatekjur	49.823	363.221	413.044
Fjármagnsgjöld	(5.675.147)	1.047.753	(4.627.394)
Hrein fjármagnsgjöld	(5.625.324)	1.410.974	(4.214.350)
Áhrif hlutdeildarfélags	(21.442.625)	(11.896.397)	(33.339.022)
Tap	(124.843.913)	(84.287.687)	(209.131.600)
EBITDA	(82.802.250)	(58.085.240)	(140.887.490)

Sundurliðanir með ársreikningi

1. Kostnaðarverð sölu:	2006	2005
Vinnulaun	48.428.882	61.405.473
Breyting á áunnum frítökurétti	(80.501)	66.750
Framlag í launþegasjóði	4.998.333	6.168.306
Tryggingagjald	3.054.853	3.828.767
Bifreiðastyrkir	9.625	8.241
Annar starfsmannakostnaður	299.305	893.050
Fóðurkostnaður	20.859.902	28.477.641
Súrefni	3.922.860	5.851.014
Slátrunarkostnaður	6.178.568	2.818.356
Rafmagn	8.565.629	11.122.740
Heitt vatn	4.612.324	5.685.195
Fasteignagjöld	1.604.539	1.834.498
Viðhald fasteigna	436.933	352.786
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	57.739	218.736
Viðhald eldisbúnaðar	3.295.476	3.037.782
Rekstur vararafstöðva	22.362	159.593
Smááhöld og hjálparefni	90.856	110.519
Rekstur bifreiða	2.093.732	2.003.085
Aðkeypt þjónusta	1.262.255	1.117.048
Aðkeypt rannsóknarþjónusta	3.558.749	5.228.980
Rannsóknarverkefni	0	121.301
Akstur og flutningskostnaður	2.455.553	1.476.119
Hreinlætisvörur	1.175.785	1.067.376
Sorphirðing	215.135	254.341
Meindýraeyðing	102.459	96.750
Heilbrigðiseftirlitsgjald	260.175	71.097
Vaktþjónusta	187.799	181.640
Ferðakostnaður	0	71.896
Dagpeningar	0	121.938
Tryggingar	1.331.099	1.355.691
Tryggingar á fiski	383.634	4.368.935
Símakostnaður	518.750	620.934
Burðargjöld	0	41.812
Pappír, prentun og ritföng	0	61.881
Tölvuþjónusta og tölvubúnaður	0	39.695
Ráðstefnur og námskeið	0	44.000
Ríkisútvarpið	8.736	9.281
Afskriftir	30.617.278	30.690.738
Birgðabreyting lífrænna eigna	42.589.217	55.765.486
Annar rekstrarkostnaður	12.540	78.357
	193.130.583	236.927.828

Sundurliðanir, frh.:

2. Annar rekstrarkostnaður:	2006	2005
Vinnulaun	8.329.552	8.007.144
Stjórnarlaun	2.035.000	1.800.000
Framlag í launþegasjóði	842.061	828.651
Tryggingagjald	679.418	639.669
Annar starfsmannakostnaður	233.148	298.841
Rekstur bifreiða	1.132.340	754.669
Endurskoðun og sérfræðiþjónusta	1.722.976	2.709.735
Bókhaldsþjónusta	2.356.260	3.574.679
Lögfræðileg aðstoð	55.200	0
Sérfræðiþjónusta	490.861	3.342.958
Kauphöll Íslands	0	544.469
Tölvuþjónusta og tölvubúnaður	1.321.106	853.251
Sími	87.171	76.168
Burðargjöld	111.357	96.194
Fag tímarit og -bækur	83.257	377.232
Pappír, prentun og ritföng	169.529	39.835
Viðhald skrifstofuáhalda	22.665	0
Auglýsingar	172.073	189.290
Ráðstefnur og námskeið	25.704	0
Ferðakostnaður	1.326.677	1.302.895
Dagpeningar	336.597	54.282
Félagsgjöld	335.347	402.882
Styrkir og gjafir	43.257	0
Risna	40.250	39.881
Bankakostnaður	88.937	0
Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna	6.923.889	14.293.655
Sölutap fastafjármuna	672.750	154.906
Annar rekstrarkostnaður	85.948	315.881
	<u>29.723.329</u>	<u>40.697.167</u>

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:

Vaxtatekjur	1.703.524	413.044
Vaxtagjöld	(460.078)	(2.560.780)
Vaxtagjöld langtímalána	(11.374.262)	(7.713.236)
Þinglýsingar og stimpilgjöld	(10.775)	0
Gengishagnaður, bankareikninga og viðskiptamanna	3.601.420	1.917.250
Gengishagnaður annarra fjárfestinga	2.244.927	0
Gengis(tap), -hagnaður langtímalána	(31.379.484)	3.729.372
Niðurfærsla eignarhluta í Iccod ehf.	(3.435.500)	0
Niðurfærsla eignarhluta og láns Scotian Halibut	(12.641.304)	0
	<u>(51.751.531)</u>	<u>(4.214.350)</u>